

Magnús Ólafsson
88/12



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HITAVEITA DALVÍKUR
Af efnaeftirliti 1987

Magnús Ólafsson
Unnið fyrir Hitaveitu Dalvíkur
Greinargerð, MÓ-88/12, Maí 1988

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HITAVEITA DALVÍKUR
Af efnaeftirliti 1987

Magnús Ólafsson
Unnið fyrir Hitaveitu Dalvíkur
Greinargerð, MÓ-88/12, Maí 1988

HITAVEITA DALVÍKUR
Af efnæftirliti 1987

Þann 26. október 1987 var tekið sýni af heitu vatni úr holu 10 fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Var það liður í árlegu eftirliti með efnainnihaldi heits vatns hjá veitunni. Vatnssýnið hefur nú verið efnagreint á efnarannsóknarstofu Orkustofnunar, og niðurstöður eru sýndar í eftirfarandi töflu.


Tafla. Efnasamsetning vatns (mg/kg).

Dags. Hiti (°C)	87-10-26 64,1
Sýrustig (pH/°C)	10,2/17
Kísill (SiO ₂)	89,4
Natríum (Na)	46,0
Kalí (K)	0,6
Kalsíum (Ca)	2,1
Magnesium (Mg)	0,01
Járn (Fe)	<0,025
Karbónat (CO ₂)	15,1
Súlfat (SO ₄)	13,0
Brennisteinsvetni (H ₂ S)	<0,03
Klóríð (Cl)	9,4
Flúor (F)	0,49
Uppleyst efni	179
Súrefni (O ₂)	0,01

Engar umtalsverðar breytingar koma fram í niðurstöðum efnagreininga milli síðustu ára, en þó virðist kísil-styrkur fara örlítið vaxandi. Einnig hefur mælst lægri súrefnis-styrkur við holutopp síðastliðin tvö ár, en á árunum þar á undan. Hvoru tveggja bendir til þess, að við hækkaða vatnstöðu í holunni, sem stafar af minni vatnsnotkun í kjölfar breytts sölufyrirkomulags, hafi dregið úr eða stöðvast það innstreymi á köldu vatni, sem mátti merkja á breytingum í efnainnihaldi vatnsins á árunum 1977 til 1984. Engar marktækar breytingar á hitastigi vatnsins við holutopp komu þó fram á þessum árum.

Myndir 1 og 2 sýna hitastig vatns við holutopp og kísil-styrk vatnsins frá árinu 1977 fram til síðastliðins hausts.

Samhlíða sýnatöku í október síðastliðnum, var mælt súrefni í heitu vatni eftir að það hafði farið um miðlunartank, og reyndist það vera 0,015 mg/kg (15 ppb).



Mynd 2

15

